

19. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
20. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
21. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
22. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
23. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara samkvæmt reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
24. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulags-skrá frá júní 1974.
25. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
26. *Starfskjaranefnd*. Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar, sem taki til meðferðar ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi laun og kjör starfsmanna.
27. *Starfsmatsnefnd*. Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
28. *Búffjäreftirlitsmaður*. Tilnefning búffjäreftirlitsmanns skv. 9. gr. laga um búffjáhald nr. 46/1991.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar fyrir frístundahús úr landi Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps þann 10. ágúst 1998 samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir frístundahús úr landi Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skrifstofu Bólstaðarhlíðarhrepps, 8. september 1998.*

F. h. sveitarstjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps,

**Erla Hafsteinsdóttir.**